



Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2020

Reykjavík 10.10.19

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn. Stígamót bjóða upp á viðtalsþjónustu og netspjall sem hefur einkum nýst fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Á sl. ári leituðu 784 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 418 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2.995. Aðstandendur brotþola voru 70.

Að auki fer fram hjá Stígamótum umfangsmikið starf í sjálfshjálparhópum fyrir bæði konur og karla auk fræðslu og annarra verkefna. Öll þjónusta Stígamóta við brotþola er ókeypis.

Stígamót hafa í mismiklum mæli boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka við íbúa á Norðanverðum Vestfjörðum. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögin ferðakostnað.

Starfsemin hefur verið aukin og bætt á undanförunum árum. Mikil umræða á samfélagsmiðlum um kynferðisofbeldi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og stefnir í metaðsókn í ár ef fram heldur sem horfir.

Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirðing, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólki áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólki hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir
talskona Stígamóta

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2020



Fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2020

<u>Rekstrargjöld:</u>	<u>ársreikn</u> <u>2018</u>	<u>framreikn.</u> <u>v2019</u>	<u>áætlun</u> <u>2020</u>
Laun og launatengd gjöld	110.558.715	113.000.000	115.000.000
Húsnæðiskostnaður	13.038.265	11.000.000	11.000.000
Rekstur skrifstofu	4.227.358	5.000.000	5.000.000
Ferðakostnaður/ráðgjöf úti á landi	1.119.021	1.000.000	1.000.000
Tæki, áhöld, viðhald búnaðar	2.282.990	2.000.000	2.000.000
Kynning, námskeið, fræðsla	1.050.776	1.000.000	1.500.000
Fjáraflanir/ götukynning	6.358.561	11.000.000	12.000.000
verkefni allir krakkar	5.574.452	100.000	0
verkefni sjúk ást	6.088.499	5.000.000	10.000.000
verkefni bandamenn			5.000.000
Annar kostnaður	10.489.317	8.000.000	9.000.000
	160.787.954	157.100.000	171.500.000

Rekstrartekjur:

Fjársýsla ríkisins - áætlað á fjárlögum	-80.000.000
Styrkur frá sveitafélögum	-13.000.000
Styrkir frá fyrirtækjum og stofnunum	-2.000.000
Mánaðarlegir styrktaraðilar	-53.000.000
Sjúkást 2019	-9.000.000
Bandamenn 2019	-4.000.000
	-161.000.000

Sá hluti rekstrar sem fé vantar til.

10.500.000